...gnússon

...ingumýri

Skagafirði.

# Viljinn.

3. Blað.

Veturinn 1921–22.

Ritstj: Stefán Vagnsson.

# Einveran

Í brekkunni sat jeg und hamrinum há
og horfði á titrandi strauminn.
Á titrandi sýndist mjer bára þín blá
þegar bergmálið tvöfaldar glauminn.

Og þúsundum skifta í brekkunni blóm
mót brennandi sólinni hlægja.
Þau una sjer glöð við þann indæla hljóm
og útsýnið láta sjer nægja.

Hríslan þar vaggaði krónunni hátt
í klettinum átti hún rætur.
Hún var þar svo óhult, því aldrei fanst lát
á öryggi dags eða nætur.

Hún virtist svo ánægð það mýkti hvert mein
á mildan árniðinn að hlýða
hún vissi það glöggt að hún var þarna ein
það vakti ekki beyg eða kvíða.

Jeg hlusta hjer aleinn á elfunnar ~~straum~~ glaum
þá ógleði lundina þjáir.
(Minn hug þungi breytist í barnsgleðinn) [drauminn]
um bjartsýni er andi minn þráir

~~Hve~~
Hve hressandi og laðandi einveran er
í ánægju harminum breytir
Að setjast við ána er sorgin að ber
það svölun og hugarró veitir

Að sitja hjer einn, þegar sálin er þreytt
og sjá þessa náttúru prýði.
og ýmislegt fleira sem ei getur veitt
mjer útsýnis hringurinn fríði.

En áin rann þungt sitt afmarkað skeið
með afli sem má ekki dvína.
Mjer heyrðist hún hvísla: „Ef kveður þig [neyð]
þá komdu í armana mína."

„Ef kastarðu þjer í minn heldjúpan hyl
svo hörmunum gleymirðu þínum,
sem nýfæddu barni þjer vagga jeg [vil]
á viðkvæmum bárunum mínum."

En hríslan að klettinum hallaði sjer
mjer heyrðist hún ógnandi segja:
„Hvað hugsarðu! Veistu ekki að ómannlegt [er]
úr eintómu þunglyndi að deyja."

„Á bárunum þínum ef fyndi jeg frið
og þungi jeg sorginni að gleyma."
En þytinn í hríslunni jeg vaknaði við
mig var held jeg farið að dreyma.

Þá kvað við í bjarginu hljómur svo hreinn
er huga minn vakti af draumi
það var mjer sem bending að standa [einsog steinn]
og stríða mót freistandi glaumi

Og blágresið unga, svo ilmsætt og frítt,
jeg undi hugfanginn að skoða
uns lukti það krónunni, blundaði blítt
í blikandi kveldsólarroða

Ef sækir þig harmur, þá hugga jeg tel
að huga það hvíslaði mínum:
„þá kom þú sem oftast og virði það vel
þú vætir mig tárunum þínum.

— " — " — " —

Þá geislunum hinstu frá heiðbláum geim
á hlíðina kveldsólin rendi
gekk jeg frá ánni svo hugglaður heim
er hressandi náttsvala kendi

Svo hreppti jeg væran og heilnæman blund
um hagann í gilinu dreymdi.
og minningu ljúfa um lífsglaða stund
og gleðina í huganum geymdi
Einn af oss.

# Eftirmáli

Dökkur fáni. Döpur brá
döggvuð tára skúrum.
Nú er Gráni fallinn frá
fákur knár í kúrum.

Vegi þræddi á fullri ferð
fljóti gæddur klárinn;
grjótið fæddi gneista mergð
grundar blæddu sárin.

Töltið góða tíðkaði
tilþrif kjóða kjöri.
Augun glóðu í eldmóði
æst var blóð af fjöri.

Engan slíkan átt^ hef hest
eg vil líkja honum
frægð við ríka, fór hún best
fornu víkingonum ———— ————.

————. Nú uppselder aloegar
af velfeldum kjötum.
Ekki helder heimkot mjer
haustar og kveldar ötum
G. B.

## Auglýsing

~~um~~

Það, sem var til sals á samk. hreppsn.
(Sungið af Grími)

1. Kunngjörist, kaffið hlýji
kökurnar veiti yl,
á blessuðu „Bakaríi"
hjá honum Snæbjörn þar til.
Alt gengur oss í vil.
Ölið á ótal flöskum
ætlað er drengjum röskum;
gjörum því gjarnan skil.

2 Vindlana vellyktandi
víst er hjer hægt að fá.
Rummir frá Rússalandi
Reykti hann Lenin þá
og einnig að því gá.
Sigaretturnar að sunnan
sendi oss „priorinnan".
Endar svo efnisskrá.

G. B.

## Jeg fer hvergi.

Erindi flutt á skemtisamk.
á Stóru Ökrum Des 1921.

Sú sögn hefir nú á seinni árum gengið staflaust um alt Ísland, að ekki væri lifandi í sveitum þess, fyrir unga fólkið, vegna þess hve lífið sje þar tómlegt og gleðisnautt.

Hvort sem þessi sögn hefir við nokkur rök að styðjast eða ekki, hefir hún þó haft mikil áhrif, og er því ekki úr vegi að athuga hana ofurlítið.

Hvaðan þessi fluga er flogin í fyrstu er ekki hægt að fullyrða en óefað er hún úr kaupstað ~~komin~~ hefir að líkindum kviknað í einhverri kramelskandi kvennsál, hefir verið rammsmitandi eins og versta innflúensa, lagst

fyrst undir sig kauptúnin og sjáfarþorpin, læðist svo inn sveit-irnar hægt og rólega, inst inní dali og upp til fjalla. Þartil hún var búin að leggja undir sig allt landið.

Árangurinn er ekki lítill og öllum auðsær. Fólkið hefir streymt úr öllum sveitum til kaupstaða og kauptúna fylt þar hverja holu og hverja smugu svo þrengslin og húsnæðiseklan er þar orðin óskapleg, svo til vandræða horfir en sveitabæjirnir standa hálf-tómir yfirgefnir af æskulýðnum, eftir eru helst aldrað fólk og börn.

Í þessari sveit og jafnvel þessu hjeraði, eru minni brögð að þessu heldur enn mörgum öðrum sveitum Hjer í hreppi hefir fólkstalan haldist nokkurnveginn við, talan er enn full 500 manns, en hræddur er



jeg um að nú sje heldur færra af vel vinnandi fólki enn áður var, en aftur fleira, en ~~aftur fleira~~ af gamal-mennum og þó sjerstaklega börnum.

Er nú þessi fólksflutningur úr sveitum eðlilegur, eða æskilegur, fyrir landið í heild sinni? Er hann til sannra þjóðþrifa, eða er hann til eyðilegg-ingar? Það er vert að athuga.

Nú er þá að sjá, hvort það er eðlilegt, að unga fólkið flytur burt úr sveitinni sinni. Ég ætla nú sem snöggvast að setja mig í spor unga mannsins.

Segjum að jeg sje 25 ára, hraustur og heilsugóður, einhleypur og engum háður. Jeg vil hafa mig áfram sem best en þó láta mjer líta vel. Hvað skal jeg nú taka fyrir? Vinnumaður í sveit? Já, nú sem stendur er það ekki álitin fjálsleg eða eftirsóknarvert staða 4–500 kr. í kaup allt frítt, föt, sokkar

og skór. Fjandi er það lítið, þræla alt árið fyrir þessu; geta ekki sótt skemtisamkomu eða dansfagnað, nema einu sinni eða tvisvar yfir allan veturinn. Já ekki er það álitlegt. En undarlegt er hvað þeir mæla þessir vinnumenn. Þeir eiga sumir töluverðan bát af sauðfje og hrossum, og virðast glaðir og ánægðir með lífskjör sín. Lausamaður! Já þá hef jeg nú 5-600 krónur bara yfir sláttinn, eitt-hvað yfir vorið og að haustinu get jeg verið á sláturhúsi og unnið mjer töluvert inn. Það fer varla svo að jeg hafi ekki um 800 kr. upp úr öllu sumrinu, en hvað tekur svo við? Vetur-vist ef hún fæst, en annars verð jeg að fæða mig allan veturinn en hvað skyldi það kosta. 300 kr. Nei ekki dugar það. Ekki króna á dag. Það verður sultarlíf, og skófatnaðurinn.



Eitthvað kostar hann. Ekki lýtur þetta betur út enn vinnumenskan. En þá er það frjálsræðið, það er þó nokkurs virði, bara jeg gæti þá verið glaðari og ánægðari en vinnumannsletrin. Flytja mig í kaupstað, gjörast kaup-staðarbúi. Það lætur vel í eyrum. En hvað gjöri jeg þar? Vera við sjó? Jeg þekki ekki vel hvað menn hafa upp úr því, en ekki sýnist mjer vellíðanin skjóta yfir sjómennina, og oft er það ill og hættuleg vinna, og stopull er sjáfaraflinn. Jeg held jeg ráðist varla í það. Jaa jeg verð þá að vera í dag-launavinnu, eins og lausamaður í sveit, kaupavinna að sumrinu o. s. frv. Jeg hef hærra kaup við uppskipun o. fl. geng í verkamannafjelagið þótt mjer í raun og veru sje lítið um þann fjelagsskap gefið. En hvað gjöri jeg að vetrinum? Það getur verið að jeg

fái nokkra vinnu, en þess á milli
labba jeg um göturnar kaldur og
leiðindafullur; kaupi mig þó
inná hvert „ball“ sem haldið er
i Kaupstaðnum
mjer til skemtunar og spila uppá
peninga hvenær sem jeg get. Er
nú þetta gróðavegur, þegar jeg þarf að
leggja mjer alt til, og borga rándýra
húsaleigu ofaná alt saman? Nei
það verður síst betra enn í sveitinni
hjerna þó ilt sje, og því eðlilegast að
jeg sitji kyr, þar sem jeg er kominn
Jeg fer hvergi. Jeg held jeg
verði bara vinnumaður hjá einhverju-
góðum bónda. Fæ að hafa nokkrar
skepnur í eftirdragi, það hefir lengi
verið farsælt. Svo þegar skepnunum
fjölgar, fæ jeg mjer konu og kot; og
[illegible] fer að búa eins og forfeður mínir
hafa gjört frá landnámstíð. Með því
styrki jeg landbúnaðinn og eyk framleiðslu



i landinu. Það er til sannra þjóð
þrifa, því án landbúnaðar er landið
ekkert land, aðeins verstöð útgerðarmanna
sem ekkert þjóðernismark eiga lengur
Þá er íslenska þjóðin útdauð, regl-
lega sáluð, en í hennar stað, er
þá kominn, fiskimanna og þorp-
aralýður, sem ekkert á framar
skylt við landið Ísland.
Svona lýst mjer nú á, ef fólkið
flytur úr sveitunum, það hlýtur
fyr eða síðar að hafa illar afleiðingar,
sem koma auðvitað þjóðinni í koll
og það helst þegar verst gegnir.
Við erum meira að segja farnir að
finna til þess, og finnum að [illegible]
betur, hvað það gildir að hafa mikla
og góða framleiðslu. þ. e mikla og
góða vöru, til að selja til útlanda.
Fyrir hana er nú hægt að kaupa ýmsar
nauðsynjar í útlandinu, sem annars
mega heita ófáanlegar.

Hver sá er vinnur að landbúnaði
hvort heldur það er karl eða kona
hann styður að velgengni þjóðar
sinnar; sýnir þannig í verkinu
að hann er Íslendingur í húð og
hár og að hann ann ættjörð sinni.
Þegar taka skal einhverja meinsemd
til lækningar, þarf fyrst og fremst
að komast eftir því, af hverju sú mein-
semd er sprottin og þarnæst finna
einhver ráð eða meðöl við henni.
Burtflutningur fólksins úr sveitunum
er þjóðarmeinsemd, væri því ekki úr
vegi að athuga, af hverju hann stafar
og reyna að finna ráð er tækju fyrir
hann. Jeg er nú enginn doktor og
ekki heldur neinn spekingur. Þó vil
jeg reyna að benda á ástæður fyrir
ólagi þessu og jafnvel rótum til að
til að afstýra því. Þrjár aðalástæður
vil jeg nefna. Hin fyrsta er sú er



er jeg vil gefa nafnið „Tálbeitan". Hún
er í því fólgin að kaupstaðirnir og sjáfar-
verin, bjóða fólki svo hátt kaup yfir
tíma og tíma, að landbúnaðurinn
getur ekki goldið neitt þvílíkt. Fólkið
lætur ginnast af þessu háa kaupi,
fer hópum saman t.d. í síldina
en sjaldan er það, að það komi aftur
með fullar hendur fjár. Hitt ber eins
oft við, að það hafi tvær hendur tómar.
Þetta kemur af því, að vinnan er
stopul, svo það eyðir því annan
sprettinn, sem það innvinnur hinn,
en háa kaupið ginnir fólkið til að
gefa sig að starfinu.
Önnur ástæðan eru kaupstaðarskólarnir.
Á þá streymir fólkið úr sveitinni til
að mentast og er það í sjálfu sjer
ekki lastandi, en skólar þessir eru
ekki að öllu leyti heppilegir, síst fyrir
sveitabúskap. Þar kynnist unga fólkið

kaupstaðarlífinu, venst því, og þykir
það ánægjulegt og fjarlægist því sveita-
lífið meir og meir. Er því ekki óeðlilegt
að það, að lokum nái setjist að í kaupstöð.
Þriðja ástæðan er náskyld þessari það er:
glaumur og gleði kaupstaðarlífsins er
dregur fólkið til sín. Sjónleikir, kvikmyndir
og sífelld „böll“ allt þetta heillar hugann
og hefir sín áhrif sem vonlegt er.
Nú hef jeg bent á það helsta sem meininu
veldur, eftir minni skoðun, en þá
er eftir að finna meðalið sem við á.
Fyrst og fremst megum við ekki
verða að nútíðar nátttröllum, góna
út í bláinn og láta allt fara, sem
verkast vill, þótt verði afdrifin ljót
og ill. Við verðum að gera allt sem
við getum til að sporna við því, að
fólkið flytji burt úr sveitinni. Við
getum með samtölum og fyrirlestrum
sýnt og sannað fólkinu að háa



kaupið í kaupstöðunum og verstöðvum
sje í raun og veru ekki hátt þegar
á allt er litið, og að það í raun og
veru þoli ekki samanburð við
daglaunamönnum í sveit. Alþýðu-
skóla, þyrftum við að eignast í
sveitunum, helst svo marga
og góða, að nægðu til að menta
allann æskulýð sveitanna, þá
mundi hugsunarháttur fólksins
horfa allt öðruvísi við sveitalífinu
en nú tíðkast, og fáir — hverfandi
fáir — flytja burt, heldur setjast
að, óhikað í sveitinni sinni.
Og síðast enn ekki síst. Vjer verðum
að veita fólkinu nægar skemtanir
svo það þurfi ekki að sækja þær í
kaupstaðina. Vjer höfum ekki efni
á, að láta kauptúnin draga gull
úr greipum vorum, en það gjörum
við ef við getum ekki haldið fólkinu.

Kjarni.

Þessvegna þurfum vjer að hefja sig handa; bæta úr því, sem bæta þarf en bíta ekki eftir því, að alt lagist af sjálfu sjer, með tíð og tíma. Það getur orðið um seinan.
Skemtisamkomur er hægt að halda og ætti að halda oftar en gert er í sveitum. Að vísu er sumstaðar ilt um húsrúm en þá er að bæta úr því. Hjer, erum við í engum vandræðum með það og eigum við það að þakka Símoni okkar í Dal. Betra að slíkir Símonar væru til í hverri sveit. Já húsið þetta er fyrirmyndarsamkomuhús, því verður ekki neitað.
Skemtisamk. eða „ball“ það eru orð sem ekki falla í „kram“ eldra fólksins en það er fyrir vanhugsun. Þó að maður karl eða kona, sje kominn á það aldursskeið, að það sjálft hafi ekki gaman eður yndi af samkomum þessum



má als ekki fyrirdæma þá er samt lítum heldur til baka yfir vort runna æfiskeið; hvað sjáum við þá? Vjer sjáum sjálfa okkur kóf-sveitta við dans og annan gleðskap í blóma æskunnar, með gleðibros á vörum og hvað, ástarneista í augum. Er það ekki hrífandi. Jú vjer myndum gjarnan vilja nú um stund vera komnir í það ástand, en því er miður þess er ekki kostur. Lofum unga fólkinu að skemta sjer við og við. Það borgar sig. Það verður þá glaðara og ánægðara á eftir og vinnur þá skarpara; því sá sem er daufur og drungalegur, vinnur aldrei vel.
Gleðin er góð gjöf, og hver sá, er veitir öðrum gleði, hann gjörir mikið gott af sjer. En gleðina má öðlast á ýmsan hátt og víðar enn á samkomum. Takið eftir því, unga

menn og ungu konur, að mesti og besti gleðigjafi lífsins er vinna, andleg og líkamleg vinna, án hennar, yrði líf fjöldans gleðisnautt og lítils virði. Sá sem hefir unun af vinnunni, hann er ætíð glaður og í góðu skapi, en hinn sem hefir óbeit á henni er oftar stygglyndur og fúll. Jeg hef orðið þess var á seinni árum, að sumu af unga fólkinu stendur alveg á sama, hvort vinnan gengur vel eða illa, bara að það fái sitt kaup vel úti látið, þá er það ánægt. Þessi hugsunarháttur er ranskakkur, og skaðlegur líka. Hverjum og einum ætti að vera það hugljúft, að vinna a. m. k. fyrir því er honum er goldið, fyrir starfið, og jafnvel gleðjast af því, þar eð það er lítið ánægjuefni, að vera öðrum til þjóns í hvaða viðskiftum sem eru.



Skyldi húsbændahollusta verkalýðsins vera að ganga til þurðar á landi voru?

Mál þetta, sem jeg hef nú lítillega minnst á, er mjög alvarlegt, og á því ekki sem best við að ræða það á skemtisamkomu. Og vegna þess hve það er alvarlegt hef jeg eigi komið fyrir mig glensi eða gamanyrðum og tel því víst að flestum þyki jeg bara leiðinlegur; og held jeg því að best sje að slá botninn í þetta hið bráðasta. En til þess að skilja ekki við þetta einsog þurdrumbur, þá ætla jeg að láta eina rúsínu fljóta með.

„Börn mín elskið hvert annað“ sagði postulinn og jeg vil bæta þar við „Börn mín! eignist hvert annað, „Margfaldist og uppfyllið jörðina“ stendur líka einhvers staðar. Þessum þremur ágætu boðorðum ætlaði jeg að hlýða

þau miða að því að fjölga fólkinu í landinu og engum dylst að það er stór kostur, nóg er fólkseklan. Prestarnir standa aðgerðalausir á torginu og fá ekki einn einasta pússunartoll, nema rjett af tilviljun. Það er dauf atvinna.
Væri jeg klerkur skyldi jeg lýsa óbeðið með hverjum þeim persónum, er jeg áliti að ættu allvel saman. Færu þau að finna að því, segði jeg bara að jeg hefði gjört það í bestu meiningu og skyldi auðvitað aflýsa ef þau vildu; en mjer er spurn. Ætli að rynni ekki á þau tvær grímur með það þegar svona væri komið? Það hafa margir álasað Fúsa greyinu á Hala; hann vildi þó verða hjón. Ekki stóð á honum með það. Og meistaraleg var ræða Egils þegar hann var að biðja rekn. Þótt illa tiltækist með



faðmlögin. Ungu menn! Væri það óhugsandi að taka hann til fyrirmyndar í kvonbænum. Hvað sýnist ykkur?
Enda jeg svo orð mín með þeirri ósk, að þið skemtið ykkur vel á þessari nóttu, og farið heim til ykkar þegar morgnar, glöð og ánægð með góðar endurminningar í huga.
Lifið svo vel og lengi.

Gísli Björnsson

## Stökur

Frjósa gluggar, fækka skjól,
feldir hvítir glitra.
Lengjast skuggar, lækkar sól,
lækkjar þrýtur sitra. —. —

Þegar veiklast vinahönd
veraldar í glaumi.
Inn á vona ljóssins lönd
látist jeg í draumi.

H. J.

# Stökur.

Best er að fljóta afaná
ölduróti lífsins.
Margir hnjóta illa á
eggjagrjóti lífsins.
Áfram halda hiklaust má
hafs í kalda róti,
þó að aldan ýgld á brá
ýfi faldinn móti.

„Gnoð úr skorðum gekk ei neitt;"
gat oft forðað strandi,
er lypti bort lítið eitt
ljettur norðan-andi.
Sakar ei þótt úfin dröfn
olla meigi tafar,
lendi fleyið heilt á höfn
hinumegin grafar.

H. J.

# Áhugi í verki

Í greininni hjer á undan, kemst höf. þannig að orði: „Jeg hef orðið þess var á seinni árum, að sumu af unga fólkinu stendur alveg á sama, hvort vinnan gengur vel eða illa, bara að það fái sitt kaup vel úti látið, þá er það ánægt. Og seinna bætir hann við: „Skyldi húsbóndahollusta hjúanna vera að ganga til þurðar á landi voru." Þetta þykja mjer eftirtektarverð orð ef sönn eru, og — því miður munu þau hafa við töluvert að styðjast. Jeg get ekki af eigin reynd borið um það, hvort hinir yngri menn eru eftirbátar feðra sinna, hvað dugnað og trúmensku snertir, en hinu hef jeg tekið eftir, að harla mismunandi er hvernig menn ganga til vinnu sinnar.

Sumir gera sjer alt að dundri, áður en þeir komast að verkinu, og eru síðan glápandi og gónandi, á alt milli himins og jarðar — annað en það sem þeir eiga að vinna. Sjeu þeir beðnir að gera eitthvert vik, sem ekki er beinlínis í þeirra verkahring, setja þeir upp mesta fýlu ~~svip~~ og óvæntingarsvip, eins og sje verið að dæma þá til æfilangrar þrælkunar. Slíkum mönnum er öll vinna — ekki gleðigjafi heldur sorgarauki. Þeim er kvalræði, að þurfa nokkurntíma að láta „hendur standa fram úr ermum" og aldrei glaðari en þegar kvöld er komið — ekki yfir því hve dagsverkið er mikið, það liggur þeim í ljettu rúmi — heldur yfir, því að þá mega þeir fara að jeta og sofa. Þessar mannskepnur eru kallaðir letingjar og er ekki að þeim búbót eður heimilisprýði.



Aftur eru aðrir þannig gerðir, að þeir ~~er~~ eru sem tryltir komist þeir ekki strax að því verki, sem þeim er ætlað að vinna. Og þegar þeir eru byrjaðir er haldið áfram, hvíldarlaust skorpan, uns hættutími er kominn og líki þeim ekki dagsverkið er bætt við enn, þó komið sje langt fram yfir hættutíma. Það er þeirra metnaður að verkið sje sem mest, og best af hendi leyst. Gjaldið er þeim aukaatriði, þar sem það er ~~aðal~~ aðalatriði hjá hinum. Þetta eru kallaðir dugnaðarmenn, og heill sje hverju heimili sem hefir slíkum drengjum á að skipa.

En í hverju liggur þessi mikli munur á mönnunum, sem gerir annan varla matvinnung, en hinn vinnur máske tvöfalt við það sem honum er borgað? Þó eru þeir álíka hraustir báðir og við skulum segja, jafngamlir.

Það er hægt að segja það í tveimur orðum. Hann liggur í <u>áhuganum</u> á <u>verkinu</u> Hjá dugnaðarmanninum fer verkið aldrei úr huga hans meðan hann er við það. Hann hugsar um hvernig hann geti unnið það haganlegast og fljótast, hjá honum vinnur hugurinn ásamt höndunum og þegar það er sameinað þá er áreiðanlegt að vel vinst. Hafið þið aldrei tekið eftir því hver munur er á sláttumönnum ef annar er að slá mælislátt, en hinn er að vinna fyrir vikukaupi. Eða ef þið hafið einhverntíma litið inn í sláturhús þá sjáið þið að þeir sem halda best áfram, það eru „accords" mennirnir Þeir eru í einu svitabaði. Þó aðrir sjeu varla volgir nema þá af gaspri og galanda Hjá þeim er auðsjeð, að hugurinn fylgir höndinni.



Margur mun nú spyrja sem svo: „Er letinginn ekki betur farinn þegar öllu er á botninn hvolft? Hann tekur sjer verkið með ró, slítur sjer ekki út að óþörfu, en fær þó undir það eins mikið kaup og sá duglegi." Þessu er óhætt að svara neitandi, eða að segja að það sje þá ekki nema stundargróði. Dugnaðarmaðurinn segir til sín sjálfur, hvar sem hann snertir á verki og orðrómurinn fylgir honum hvar sem hann fer, og það er honum oft betra en nokkrir fjármunir. Alstaðar getur hann fengið vinnu, þó aðrir sitji aðgerðalausir. Þegar hann er sjálfur kominn í sjálfstæða stöðu og heldur uppteknum hætti með vinnubrögð sín, líður ekki á löngu að hann verði sjálfum sjer til sóma og öðrum til fyrirmyndar. Velmegun og ánægja munu fylgja honum. Ánægjuna finnur hann í vinnu sinni og velm. er árang. af henni.

Letinginn kemur sjer út úr húsum
hvar sem hann er, því enginn vill
hafa hann er til lengdar lætur. Þegar
hann á að fara að sjá fyrir sjer og
sínum, endurtekur sig sama sagan.
„Honum verður aldrei neitt að verki"
segir fólk. Örbyrgð og volæði fylgja
honum innan — hreppinn.
Það er áhuginn á verkinu, sem
mjer virðist vanta hjá svo mörgum
og hann þarf að glæða ef mögu-
legt er. Búi hann í manninum
standast hann engir örðugleikar
~~h~~ Verkið er framkvæmt í snarkasti
og búið áður en maður veit af. Fyrir áhugan
er það sem einn bóndi kemur þje-
földu í verk við það, sem annar gerir
Og sama má segja um sumar
húsfreyjurnar, ~~og~~ hvorutveggja
hafi ~~sama~~ jöfnu liði á að skipa.



Fyrir stuttu las jeg sögu eina úr
„Lestrarfj." sem heitir „Jerúsalem"
og þið munuð kannast við. Fátt
hefir fest jafnvel í minni mínu og
komið oftar fram í huga mínum, enn
eitt atriði er hún segir frá. Það er ungur
maður, sem kaupir landspildu eina.
Helmingur hennar var óræktarholt,
hitt var fúaflói. Margir hefðu ímyndað
sjer að hann hafi andvarpað ~~og~~ er hann
leit yfir blettinn í fyrsta sinn, og sagt:
„Hvenær ætli jeg verði maður, til að
koma þessari spildu í rækt," svo hún
gefi mjer arð fyrir erfiði mitt." En í
staðinn fyrir vonleysis og æðruorð hrópar
hann himinglaður: „Guði sje lof.
Hjer hef jeg nóg verkefni til æfiloka".
Og hann tók óraudur til starfa og fjekk
að lokum breytt holtinu í akur en
flóanum í áveituengi.

Síðan jeg las þessi orð hafa þau aftur og aftur komið í huga minn, og oft hef óskað að bæði jeg og aðrir hefðum slíkan áhuga á vinnunni, til í förum okkar. Ef við værum þannig gerðir mundi landið okkar líta öðruvísi út er við værum komnir undir græna torfu, eftir að hafa afrekað slíkt sem þessi maður. Alstaðar eru verkefnin fyrir höndum. Ekki vantar þau, en — áhugann? — Við getum áreiðanlega þakkað Guði fyrir það, að við höfum nóg verkefni til æfiloka jafnvel þó við yrðum langlífir í landinu. Um hitt þurfum við að biðja Guð, að hann gefi okkur áhugann fyrir framkvæmdum svo „læpuskaps ódyggðir" nái ekki að þroskast hjer á meðal vor.

Stefán Vagnsson



# Um haust.

Sit jeg einn á brekkubrún,
blómin eru af frosti kalin
augum renni jeg yfir dalinn
alt er nakið, engi og tún.

Þarna hef jeg áður oft
unað sumarmorgna bjarta,
hallað mjer að móðurhjarta.
og drukkið heilnæmt heiðaloft.

Þá var ljúfa liljan fríð,
laugið daggarperlum skærum,
en nú er sveipuð silfurhærum,
burt er hennar blómatíð.

Nú er varla að sjái sól,
sem þó áður, geislum helti

yfir hlíð og hamrabelti;
vermdi grasigróinn hól.

Fjallahlýðin fagurtær
fyrrum oft mjer kossa rjetti,
glettin á mig geislum skvetti,
er hljóður sat jeg henni nær.

Nú er hún, sem hló svo dátt
hörðum klakafjötrum bundin.
Bleikan sje jeg blómalundinn,
sem þar hafði athvarf átt.

Blessuð fagra brekkan mín
blómgva áttir marga fjólu,
er hló á móti sumarsólu,
en blundar nú við brjóstin þín.
Eiga að blikna eins og þær
æskurósir vona minna
ef þær svalan andgust finna
verma þær ei vors ins blær?

Einn af oss.



# „Bolchevismi"

Líkt á sand, um sorakvöld
þá sýlar handur krepja.
Nú hefir auður engin völd.
allir daudan lepja.
Enginn bjarga öðrum kann
ótal vargar hoppa.
Skuldafarg og skálmaldar
skaða, sarga, kroppa.
Bolsvíkinga bjeað lið
bísna slingar hetjur.
Á þeim spryngur ólánið
aðra þingað getur.
Opnum vjer þá undina
á það gerum líta.
Heimurinn fer í hundana.
Húrra! Ber oss síta!

G. B.

## Gamalt kvæði.

Eftir Bólu-Hjálmar.

Skarði er skemdar þvaga
skitinn alla daga
sálarmettar maga.
mannorðs knútar jaga.
Bitinn bæði og bakflegim
burt rjeð margur klaga.
Saklaus oft með klínda kinn
og kumlur fantasnaga.
Fúlmenskan og fláræðið
farfar skugga um andlitið
orðinn svikinn viknar við
vill þvi skottið draga.
Lýgi, kvinnska, leti, háð.
lostur, rógur, fólska bráð.
engin dáð, en illfús ráð
áfram lífið jaga.
Hvað ~~kerr~~ mun honum haga?



Hýðing út við kaga
reiðin staga, strenging laga,
en ef hann mætti með þeim hætti
meiri forðast baga;
heldur enn hels á snaga
hanga á Virgulkraga.

## Hreystiverk Grettis

eftir sama?

Grettir frægðum fjáði
flest örlögin háði
geirs í hörðu gráði
grimmar vættir þjáði.
Braut upp haug og bar út fje
beint á Noregs láði.
illan draug þar yfirstje
og af honum saxi náði
Þórir, Ögmund, Snækoll sneið
sneypti ránti þá um leið
Tíu deyð, með sárasejð

serkjum vann i bráði

seggjum vann í gráði.
Djöfulóðan (ofan) drauginn Glám
drap, er gjörði byggdanám.
Gnúpu og Sám í gljúfrum blám
í Gýgjafoss afmáði.
Hiðbjörn helju váði
hið af Gísla táði
ramb(hans)hrjáði, raup (áði) háði
átlagmaki ~~sjós~~ (súgs) í svaki
sunds atgjörfin(ð) (kráði) háði.
(Spjallhagur) Spakvitur forspáði
spektar fullur (fylltur) ráði.

(Leiðrjett af: Bj. H.K.)

Þorlákur Þórarinsson
prófastur í Vaðlaþingum.
Sóknarpr. til Möðruvalla Kl.

## Staka.

Illt er að brúka í ástum kák
(ekki er gott að vaða reyk)
þegar sveinninn segir „skák“
svo er „mát“ í næsta leik.

x: .

Stefan

1

(Lutaiel